



Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024**1. Sálfræðiþjónusta fyrir fyrrum vöggustofubörn**

Lagt er til að fjárheimildir sameiginlegs kostnaðar hækki um 10.000 þ.kr. vegna sálfræðiþjónustu fyrir fyrrum vöggustofubörn. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til 10.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 19. október 2023, liður 12, mál MSS23090194, tillaga um umgjörð á geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu eða aðra sértæka þjónustu fyrir fyrrum vöggustofubörn. Samþykkt var að tryggja vöggustofubörnum geðheilbrigðis- eða sálfræðiþjónustu að kostnaðarlausu. Áætlaður kostnaður er í fyrstu 10.000 þ.kr.

2. Torgið fræðslukerfi

Lagt er til að fjárheimildir sameiginlegs kostnaðar hækki um 18.640 þ.kr. vegna reksturs fræðslukerfis. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -18.640
ÖNN	01367	Rekstur miðlægs mannauðskerfa	Til 18.640
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 20. maí 2021 þar sem samþykkt var að kaupa hugbúnaðarlausnina Eloomi. Mannauðs- og starfsumhverfissvið fékk samþykkt í skuldbindingum fyrir árið 2023 fjármagn til að standa straum af rekstri fræðslukerfis þegar

innleiðing sem var fjármögnuð af fjárfestingu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviðs væri lokið og kerfið væri komið í rekstur.

3. Ráðstöfun úr sjóði Þórs Sandholt

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 6.565 þ.kr. vegna endurgerðar á listaverkinu *Landnám*. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður úr Minnisvarðasjóði Þórs Sandholt.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
xxx	x	Minnisvarðasjóður Þórs Sandholt	Frá -6.565
MÍR	03300	Listasafn Reykjavíkur	Til 6.565
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 21. nóvember 2023, liður 7, mál FAS22110030, tillaga um styrkveitingu úr minnisvarðasjóði Þórs Sandholt og slit sjóðsins. Samþykkt var að eigið fé sjóðsins, að upphæð 6.565 þ.kr., verði veitt úr sjóðnum til endurgerðar verksins *Landnám*. Jafnframt var samþykkt að sjóðnum verði slitið eftir að eign sjóðsins hefur verið ráðstafað samkvæmt framansögðu. Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur umsjón með sjóðnum en engin stjórn er yfir honum og ekki hefur fundist skipulagsskrá fyrir sjóðinn þrátt fyrir leit. Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsvið hafi umsjón með greiðslu styrkveitingar og slit sjóðsins.

4. Flutningur á listmunum

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 2.000 þ.kr. vegna flutnings á listaverki. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -2.000
MÍR	xxx	Listasafn Reykjavíkur	Til 2.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 23. nóvember 2023 liður 4, mál MSS23110034, flutningur á minnismarki. Tillagan byggir á því að samþykkt sé að taka niður minnismarki og því verði fundinn staður í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur.

5. Flutningur á fjárheimildum milli sviða

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli menningar- og íþróttasviðs og skóla- og frístundasviðs.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ)	Frá	-82.900
MIR	xxx	Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ)	Til	82.900
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Við er til samþykktar borgarráðs frá 22. júní 2023, liður 11, tillaga um nýja deild hjá menningar- og íþróttasviði – útivistardeild, þar sem m.a. er horft til að sameina starfsemi skóla- og frístundasviðs, þ.e. miðstöð útivistar og útináms við starfsemi menningar- og íþróttasviðs undir merkjum Útilífsborgar.

Skóla- og frístundasvið og Menningar- og íþróttasvið hafa gert með sér samstarfssamning, dags 19. janúar 2024, um þjónustu Útilífsborgar MÍR við börn, unglunga og starfsfólk í starfsemi SFS. Sem liður í því flyst starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) frá SFS til MÍR ásamt fjárheimildum sem því tilheyra. Kostn.st. I3091, frístundamiðstöðin Brúin, verður flutt frá SFS til MÍR ásamt þeim fjárheimildum sem þar eru og áföllnum raunkostnaði. Auk þess eru viðbótarfjárheimildir sem tengjast starfseminni fluttar milli sviða.

6. Flutningur fjárheimilda á MÍR milli þjónustubátta

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á menningar- og íþróttasviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MIR	I2051	Útilífsborg	Frá	-107.991
MIR	I2051	Hitt húsið	Til	107.991
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Óskað er eftir að flytja kostn.st. I2051 Atvinnumál skólafólks, frá þjónustueiningunni Útilífsborg yfir á þjónustueininguna Hitt húsið, með þeim fjárheimildum sem þar eru.

7. Vetraropnun sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 2.942 þ.kr. vegna samstarfs við Samhjálp um vetraropnun á sérstöku neyðarskýli. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-2.942
VEL	F3610	Styrkir til félagsmála	Til	2.942
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar velferðarsviðs frá 15. nóvember 2023, liður 7, mál VEL23100028, tillaga um samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis. Kaffistofa Samhjálpur verði opin fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá kl. 14:00-16:30 alla daga í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Samþykkt hefur verið að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í kostnaði við vetraropnun. Heildarkostnaður við verkefnið er 5.200 þ.kr.

8. Tilfærsla á fjármagni milli ára – fjölgun sérfræðinga

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 48.000 þ.kr. til að fjölga tímabundið sérfræðingum til að vinna úr áhrifum covid-19 á börn og unglínga. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-48.000
VEL	xxx	Tímabundin fjölgun sérfræðinga	Til	48.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Áætlað var að verkefninu myndi ljúka fyrr en vegna skorts á sérfræðingum í þessum fagstéttum hefur ekki tekist að fækka á biðlistum eins fljótt og áætlað var. Enn er mikil eftirspurn eftir skólalþjónustu frá miðstöðvunum eins og undanfarin ár, vegna m.a. aukins málþroska- og/eða tilfinningavanda barna og ungmenna. Erindum milli árána 2020 og 2021, sem berast miðstöðvum, fjölgaði um 52% til sálfræðinga og 66% til talmeinafræðinga samkvæmt úttekt frá deild gæða og árangursmats velferðarsviðs. Ástæður aukningar má m.a. rekja til eftirkasta vegna nýyfirastaðins heimsfaraldurs, mikillar aukningu í fjölda barna sem koma til landsins gegnum umsækjendur um alþjóðlega vernd eða flóttafólk og innleiðingar nýrra farsældarlaga. Áætlað var að 140 m.kr. fjárheimild myndi duga til að veita allt að 650 börnum þjónustu en í byrjun þessa árs var búið að mæta þörfum um 470 barna. Því er afar mikilvægt að halda verkefninu áfram og koma áfram með fjölbreyttum hætti til móts við þau börn sem bíða þjónustu til að ná markmiðum um fækkun barna og unglínga á biðlistum. Það er útilokað að hægt verði að vinna biðlista niður miðað við áframhaldandi þjónustupörf án þess að áfram verði hægt að reiða sig á fjármagn m.a. til aðkeyptrar vinnu, til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er af miðstöðvum. Náðst hefur verið að nýta 92 m.kr af fjárheimildinni frá upphafi verkefnisins en um er að ræða tímabundin stöðugildi, námskeiðahald og aðkeypta vinnu sem þörf er að nýta áfram á þessu ári.

9. Kjarasamningsbundnar hækkar FÍH og FT

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 215.000 þ.kr. vegna kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við FÍH og FT. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-215.027
SFS	M300x	Kjarabætur FÍH og FT	Til	51.027
SFS	M3100	Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla v. kjarasamninga	Til	164.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Samningar Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT hafa verið undirritaðir, og gilda frá 1. apríl 2023. Kostnaðarmat vegna rekstrarstyrkja til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla er 164.000 þ.kr. og kostnaðarmat vegna starfsmanna Reykjavíkurborgar er 51.027 þ.kr. Gert er ráð fyrir afturvirkni til 1. apríl 2023 ásamt fjárhæð í ramma 2024 í ofangreindum upphæðum.

10. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs hækki um 146.444 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-146.444
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	145.591
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til	853
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar á tímabilinu júlí-desember 2023. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim. Gert er ráð fyrir afturvirkni ásamt fjárhæð í ramma 2024 í ofangreindum upphæðum, en þeim er skipt þannig að afturvirkni er 74.127 þ.kr. og 72.317 þ.kr. fyrir árið 2024.

11. Innri leiga fasteigna, áhaldna og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu breytist vegna innri leigu. Um er að ræða breytingar á milli sviða en ekki breytingar á kostnaði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
USKRK	U5410	Innri leiga - tekjur	Gjöld	-325.085
USKRK	U0300	Innri leiga - tekjur	Gjöld	-46.797
MÍR	I9050	Innri leiga - tekjur	Gjöld	-178.337
MÍR	03900	Innri leiga - tekjur	Gjöld	-26.750
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Tekjur	576.969
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Lagt er til að fjármagn flytjist milli sviða vegna innri leigu. Ekki er um að ræða aðrar breytingar en flutning á fjármagni sem nú þegar var búið að samþykkja í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri